

Minnisblað 18.5.2017

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna

Tillaga

Lagt er til við bæjarráð Garðabæjar að samþykkja eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Garðabæjar til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna:

	Núverandi gjaldskrá:	Tillaga að nýrri gjaldskrá:
1. Flokkur	17.300	35.748
2. Flokkur	13.400	27.664
3. Flokkur	10.400	21.300

Kostnaður á ársgrundvelli miðað við nýja gjaldskrá og núverandi umfang þjónustunnar yrði kr. **28.410.928.**

Í áætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir kr. 19.000.000 vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna.

Viðbótarkostnaður árið 2017 vegna 8 mánaða (maí-des) yrði um það bil 7.500.000.

Greinargerð

Þjónusta stuðningsfjölskyldna byggist á 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 þar sem fram kemur að fjölskyldur fatlaðra barna skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Í reglum Garðabæjar um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra kemur fram að markmiðið með þjónustunni er að veita barninu möguleika á aukinni félagslegri þátttöku og léttu álagi af fjölskyldu þess. Að jafnaði er um að ræða 2ja-5 sólarhringa dvöl í mánuði.

Á árinu 2016 fengu alls 29 börn og fjölskyldur þeirra þjónustu í formi stuðningsfjölskyldu frá fjölskyldusviði Garðabæjar. Í langflestum tilvikum eru það ættingjar eða vinir sem sinna hlutverki stuðningsfjölskyldu.

Samkvæmt ráðgjöfum í Garðabæ og öðrum sveitarfélögum sem vinna m.a. við að ráða fólk í störf stuðningsfjölskyldna gengur erfiðlega að ráða aðra en ættingja og vini í störfum og er launapátturinn stór ástæða þess.

Stuðningsfjölskyldur fá greiðslur samkvæmt verktakasamningi og er greitt fyrir hvern sólarhring. Greiðslurnar eru í 3 flokkum og taka mið af þeim umönnunarflokkum sem börnin hafa verið metin í hjá TR. Sé greiðslum til stuðningsfjölskyldna skv. núverandi gjaldskrá deilt niður á klukkustundir þá eru þær frá kr. 433/klst. upp í kr. 721/klst. Til viðmiðunar þá má nefna að tímakaup í félagslegri liðveislu sem greidd er skv. launamannasamningi er að lágmarki kr. 1.806/klst. sbr. lfl.124.1 í Stag. Þá má líka nefna að vinnutími stuðningsfjölskyldna er yfirleitt um helgar og á nóttunni.

Með því að hækka greiðslur til stuðningsfjölskyldna verða þessi störf vonandi eftirsóknarverðari fyrir utanaðkomandi aðila. Það er mikilvægt að forráðamenn geti haft ættingja og vini sem stuðningsnet fyrir barnið til viðbótar stuðningsþjónustu sveitarfélagsins. Það getur hins vegar reynst erfitt ef ættingjar/vinir eru þegar að sinna starfi stuðningsfjölskyldna.

Þjónusta stuðningsfjölskyldna getur auk þess dregið úr þörf fyrir dýrari úrræði eins og skammtí mavistun.

Greiðslur Reykjavíkur (sem áður var með svipaðar greiðslur og við) til stuðningsfjölskyldna hækkuðu um 88% frá og með 1. janúar sl. og Seltjarnanes breytti sinni gjaldskrá til samræmis við Reykjavík í kjölfarið.

Mikilvægt er að samræmis gæti í greiðslum sveitarfélaganna vegna þessarar þjónustu þannig að ekki verði rof í þjónustunni við flutning fjölskyldna milli sveitarfélaga.

Þessa dagana er t.d. fjölskylda með mikið fatlað barn að flytja í Garðabæinn frá Reykjavík og allt kapp er lagt á að ekki verði rof í þjónustu við fjölskylduna við flutninginn. Fjölskyldan hefur haft stuðningsfjölskyldu í Reykjavík um árabíl og er sú fjölskylda tilbúin til að halda áfram sem stuðningsfjölskylda að því tilskyldu að greiðslur séu með svipuðum hætti og í Reykjavík.

Tillaga að nýrri gjaldskrá í Garðabæ er til samræmis við nýja gjaldskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness.

Virðingarfyllst

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri